



Skógræktarfélag Selfoss

Ársskýrsla Skógræktarfélags Selfoss 2021-2022

Gróður kom almennt vel undan vetri vorið 2021 en svalur maímánuður seinkaði laufgun og vöxtur var hægur fram eftir júní. Rakt og sólarlítið sumar en góður hiti í júlí og milt haust bjargaði miklu. Vöxtur trjágróðurs var yfirleitt góður. Engin illviðri urðu á mesta vaxartímanum og greni slapp við toppsprotabrot. Lítið bar á óværu svo sem sitkalús, trjámaðki og asparglittu en birki var ljótt um tíma vegna birkikembu. Greniplönturnar sem plantað var í fyrra sumar fóru illa í vorfrostum í maí, urðu gular og margar drápuðst alveg. Mjög lítil fræproski var í birki og greni. Veturinn 2021-22 var illviðrasamur og talsverður snjór í byrjun desember og aftur í janúar og febrúar. Í mars tók snjó að mestu upp. Lítil sem enginn klaki var í jörðu þegar snjóá leysti. Nokkur tré, stafafura, sitgagreni og lerki ultu um koll eða brotnuðu í illviðrunum.



Mikill fjöldi fólks heimsótti Hellisskóg á árinu eins og undanfarin ár.

Sumarstarfið og plöntun. Tvö vinnukvöld voru á árinu. Þann 26. maí var fyrra plöntunarkvöldið og 13. manns mættu. Plantað var 600 aspagræðlingum, 80 sitkagreni (kjarr) og 80 birki í tætt land vestan við Helli.

Þann 2. júní mættu 16 manns og plöntuðu 280 birki vestan við Helli, 300 stafafurum í Stekkjarholt sunnanvert og 160 sitkagreniplöntum var bætt í greniplöntunina frá því í fyrra austan við Helligil.

Hópur krakka (7-10 ára) úr æskulíðsstarfi Árborgar komu í Hellisskóg 30. júní og plöntuðu 60 birkiplöntum í tætt beð vestan við Helli.

Formaður (Örn Óskarsson)stakk niður niður 200 græðlingum af 8 tilraunaöspum í tætt belti við hlið fyrri tilrauna norðan við Helli þann 1. júní.

Í október var 34 mýralerkiplöntum og 40 evrópulerkiplöntum (Hrymur) plantað neðst í Helligili og við árbakkann. Formaður plantaði tugum reyniplantna, sitkagreni, 15

sumareikum og nokkrum garðahlynplöntum úr eigin ræktun víða um Hellisskóg. Einnig var glæsipin og deigli bætt í trjásafnið.

Í mars og byrjun apríl 2022 stakk formaður niður um 60 alaskaaspagræðlingum víðsvegar um Hellisskóg. Jörð kom að mestu frostlaus undan snjónum og því var þetta mögulegt.



Sigmundur Stefánsson ætlaði að liðsinna okkur í sumar, líkt og undanfarin ár. Hann forfallaðist og formaður tók við verkstjórn 21. júní og var til 16. ágúst. Tveir menn voru frá félagsmálayfirvöldum og 5 - 6 unglingar + verkstjóri frá unglingavinnu unnu í Hellisskógi í sumar. Þeir unnu frá 21. júní til 13. ágúst. Þetta var góður hópur og voru mjög duglegir. Grisjunarviður næst stígum og vegum var fjarlægður, grafið fyrir merkingastaurum í trjásafni í fyrstu vikunni. Skortur var á timbri svo ekki tókst að klára merkingar eins og til stóð en merki var sett á 17 staura. Stærsti hluti sumarstarfsins fór í að leggja nýja stiga og bera mól í gamla. Borið var í 300 m af stígnum niður með Hellisgili, lagður nýr stigur (um 300 m) til vesturs frá Helliinum og um 150 stigur var lagður til austurs ofan við Hellisgil. Bakkaverk sá um að koma mulningi á staðinn (9 hlöss). Jarðvegsdúkur var lagður undir mölina og 8 tommu rör frá Set (4 m) notuð í ræsi. Tvær göngubrýr voru settar á skurði á nýja stígnum vestan við Helli.

Eins og undanfarin ár sá Björgvñ Örn um grisjun skógarins. Mikil vinna og bráðnauðsynleg.



Bekkir og borð. Snorri Sigurfinnsson kannaði á vormánuðum hvort fyrirtæki á Selfossi væru til í að gefa bekkir og borð til að setja upp í Hellisskógi. Bæði BYKO og Húsasmiðjan tóku vel í erindið og vildu gefa

nokkra bekki og borð. Fleiri fyrirtæki voru ekki spurð. Ekki var hægt að taka við gjöfunum í sumar, vegna skorts á mannskap í verkin og eins voru stæðin undir bekkina ekki til fyrr en vel var liðið á sumarið. Sigmundur Stefánsson útbjó bekk úr íslenskum efnivið og í apríl 2022 fékk hann Fríska Flóamenn með sér í uppsetninguna og þeir komu bekknum fyrir við stíginn ofarlega í Hellisgili. Bekkurinn ber heitið "Simmis". Frábært framtak.

Olíumöl var lögð á aðkomu og bílastæði í lok september. Eftir er að setja síðara burðarlagið og einhver frágangsvinna.

Þrjú 7-8 m há sitkagrenitré voru felld fyrir jólin í Hellisskógi. Trén voru tekin undan stóru raflínunni (Búrfellslínu) og nýttust sem jólatré.

Bílamál. Í júní seldi félagið Toyota HiAce á kr. 300000- og keypti Hyundai Starex 4x4 dísel (árg. 2005) á kr. 250000-. Hann dugði illa í sumar og var stopp í 2 vikur og þurfti viðgerða við. Bíllinn lenti í árekstri á gatnamótum Tryggvagötu og Austurvegar, en skaðaðist ekkert. Í vetur voru kannaðir möguleikar á því að gera við bílinn, en þar sem grindin var dæmd ónýt þá var ákveðið að farga honum.

Gönguferðir og hlaup um Hellisskóg.

Þann 6. september gékk formaður með 25 finnska skógræktarmenn (frá austur Finnlandi) um Hellisskóg í roki og rigingu. Hreinn Óskarsson kom og fræddi hópinn almennt um skógrækt á Íslandi og síðan var gengið um skóginn.

Þann 2. október leiddi formaður göngu um Hellisskóg undir formerkjunum

"Menningarmánuðurinn október". Þrettán mættu og þar á meðal Gísli bæjarstjóri

Þann 15. apríl (föstudagurinn langi) var byrjað á nýju stórsniðugu hlaupi hjá Frískum

flóamönnum, "Bakgarðspíslinni" í Hellisskógi. Þá eru hlaupnir hringir innan tiltekins tíma og restina af tímarammanum má hvíla á milli.

Frábært og góð nýting á skógarskjólinu!

Vonandi verður þetta árvisst eða jafnvel vor-,sumar-, haust- og vetrarhlaup. Þetta kallar væntanlega á enn betri stíga.



Mikill fjöldi gesta heimsótti Hellisskóg sumarið 2021 og voru bílastæði iðulega full.

Stjórnarfundir:

Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss var miðvikudaginn 19. apríl kl 20:00 í austurrými

Sólvallaskóla.

Á dagskrá voru:

- Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin er óbreytt. Glærusýning gékk ekki vegna vandræða með PB.

Mæting var góð miðað við að litla kynningu vegna fjöldatakmarkana tengt covid-19 (hámark 20 manns). 11 mættu.

Fyrsti stjórnarfundur var haldinn í Hellisskógi 13. maí og síðan ekki fyrr en að þrjú stjórnarmenn hittust á skyndifundi 3. desember. Vegna pestarinnar voru samskipti á milli stjórnarmanna einkum á samfélagsmiðlum eða sem tveggja manna fundir.

Á vormánuðum 2022 voru haldnir tveir stjórnarfundir enda kóvið að minnka.

Fundir og skipulagsmál:

Þann 30. apríl var fundur með ráðamönnum og starfsmönnum Árborgar um göngustíga í Hellisskógi. Formaður kynnti stígakerfið, núverandi stíga og framtíðarplön. Einnig var rætt um breytingar á fyrirkomulagi við uppbyggingu og viðhald stíga þar sem vænlegt væri að flytja þá yfir á bæinn.

Klara Öfjörð verkefnastjóri Auðlindar hjá Árborg hafði samband í október og sagði að nú væri merkingarverkefnið að hefjast. Hermann útbjó gönguleiðakort og ákveðið var að byrja með þrjár leiðir (rauða-, bláa- og appelsínugula leiðin). Ekkert varð úr merkingum á haustmánuðum en núna í maí er von til þess að stikur verði settar við gönguleiðir og sett upp gönguleiðakort.

Vegagerðinn byrjaði að bera sigefni í nýja vegstæði suðurlandsvegur niður mýrina frá steypustöðinni að Hellisholti.

Í byrjun desember ræddi formaður við Davíð hjá Vegagerðinni um nýja suðurlandsveginn. Þá kom fram að áformað væri að færa mislægu gatnamótin aftur upp fyrir Stekkjarholt / Einholt en jafnframt að vegagerðin væri ekki tilbúin að setja rör fyrir gangandi umferð ofan við Hellisholt. Í framhaldi af því skrifaði formaður bréf til Atla Vokes Sviðsstjóra Mannvirkja- og umhverfissviðs. Í framhaldi af því var útbúin greinargerð til bæjaryfirvalda þar sem lýst var okkar hugmyndum um vegtengingar við nýju gatnamótin að Helli og síðan vegtengingu frá Helli og upp að Biskupstungnabraut. Hermann bjó til kort.

Þann 3. febrúar var fundur með fulltrúum bæjarins um nýja veginn, stíga og undirgöng. Þar kom fram að andstaða væri að hálfu Vegagerðarinnar við undirgöng ofan við Hellisholt. Vegagerðin telur veggöngin of dýr og of stutt í leið undir brúarendann.

Helgi Haralds bæjarfulltrúi tók fyrir erindi á fundinum, utan dagskrár, um að torfæruhjólabraut væri lögð inn í Hellisskóg. Þetta er lítið breytt hugmynd frá fyrri tillögum sem hefur þegar verið hafnað að hálfu félagsins. Ekki var tekið undir tillöguna af öðrum fundarmönnum. Hermann Ólafsson sat fundinn fyrir hönd félagsins ásamt formanni.

Á starfsárinu ræddi formaður nokkrum sinnum við Önnu Gínu Aagestad og Björg Halldórsdóttur í stjórn Ferðafélags Árnesinga um möguleika á því að styrkur sem ferðafélagið fékk færi til verkefna í Hellisskógi. Helst hefur verið rætt um að styrkurinn myndi nýtast vel við gerð og uppsetningu fræðsluskilta. Á útmánuðum 2022 lýsti svo ferðafélagið vilja til að nota styrkinn til að fjármagna skilti í Hellisskógi. Styrkupp hæðin er um tvær milljónir.

Í ágústlok fréttist af áhuga Selfossveitna til að bora eftir heitu vatni í Hellisskógi. Formaður hitti Sigurð og Viljhálm frá Selfossveitum þann 6. september og aftur 8. nóvember ásamt fulltrúa bormanna. Borstæðið er upp á Hellisholti við enda Hellisbrúar. Vegurinn upp á hæðina var endurbyggður og þar gert rúmgott borstæði. Aðeins þurfti að fella nokkrar



birkihríslur. Útbúin var setlaug og þaðan affallsrör niður í skurð. Bormenn með sín tæki og tól birtust í skóginum í janúar og boruðu niður á um 300 m dýpi. Höfðu sumir á orði að loksins væri komið líf í Hellisskóg. Í maí 2022 á síðan að koma með enn

stærri bor og bora dýpra þannig að einhverjar vonir eru um heitt vatn.

Félagið fékk á vordögum beiðni um að aðstoða við að kolefnisjafna ráðstefnu sem verður á Hótel Selfossi 14.-20. september. Tekið var vel í þá málaleitan.

Þann 16. maí næstkomandi verður Skógræktarfélag Selfoss 70 ára (1952-2022). Stjórnin mun hafa hraðar hendur og efna til einhverra viðburða í tilefni afmælisins í maí og síðar í sumar.

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss 2021-22

Örn Óskarsson formaður

Snorri Sigurfinnsson ritari

Hermann Ólafsson gjaldkeri

Björgvin Örn Eggertsson meðstjórnandi

Guðbjartur Ólason meðstjórnandi